

Ameríkutúr 2014

Eftir Deildakeppnina í byrjun október sl. hélt ég til Las Vegas ásamt fríðu föruneyti til að taka þátt í fyrsta Milljóndollaramótinu. Það er alltaf gaman að láta sig dreyma um stóra vinninga en ég vissi að mótið væri mjög sterkt svo ég fór aðallega bara til að upplifa Las Vegas og að fara með Óla bróður og mjög skemmtilegum hópi gerði ferðina ógleymanlega! Mótið gekk allt í lagi hjá mér en Degi gekk best af okkur Íslendingunum og vann 10.000\$ (já sæll!)



Slakað á eftir mót á Golden Nugget

Eftir mótið var ég í viku hjá félagamínnum, alþjóðlega meistaranum Raymond Kaufmann sem býr í San Francisco þar sem við undirbjuggum okkur fyrir næsta mót, Spice Cup sem fór fram í St. Louis. Það mót gekk allt í lagi og hélt ég áfram að hækka á stigum.



Golden Gate Bridge í San Fransisco




Félagi minn kenndi mér að spila japanska skák, Shogi

Eftir mótið fór ég til Kosta Ríka og var heppinn að fá einn dag í Toronto áður þar sem ég fór að skoða Níagara fossa.



Níagara fossar að kvöldi til

Síðan var ég kominn til Kosta Ríka í lok október þar sem ég hitti Hannes Hlífar, hann tók þátt í landsmótinu þeirra og vann það sannfærandi og svo tókum við báðir þátt í deildakeppninni og hækkuðum báðir aðeins á stigum. Kosta Ríka er mjög flott land og hefur upp á margt að bjóða en höfuðborgin er ekki sérlega spennandi og vildum við endilega fá að kynnst meiru af Mið-Ameríku.



Komnir til San José, Kosta Ríka



Slakað á fyrir skák

Svo við vorum mjög ánægðir þegar við fengum boð frá skáksambandi Honduras til að kynnast landinu og halda nokkur fjöltefli. Við fórum í rútu frá Kosta Ríka, stoppuðum eina nótt í Níkaragva, og beint til San Pedro Sula sem er fræg fyrir að vera morðhöfuðborg heimsins. Þar tók forseti skáksambandsins á móti okkur skælbrosandi og talaði ekki um annað en hversu spenntir allir væru fyrir því að fá okkur, og meira að segja borgarstjórinn



Ég að tefla hraðskák við forseta skáksambandsins í Hondúras, í Copán sem er meðal elstu Maya rústanna. Hannes fylgist með af miklum áhuga!



Við að borða kjúklingasúpu með chili!

vissi af komu okkur og voru jafnvel hugmyndir um að gefa okkur lykilinn að borginni í virðingarskyni. En Hannes Hlífur er fyrsti stórmeistarinn í 30 ár sem kemur til landsins á vegum skáksambandsins. Við vissum ekki alveg hverju við ættum von á þegar við fórum til Honduras en óhætt að segja að sú ferð hafi komið okkur mjög skemmtilega á óvart, við tefldum nokkur fjöltefli, heimsóttum skóla, fórum í sjónvarpið, héldum fyrirlestra og vorum sífellt á flakki svo við náðum kannski ekki að slaka mikið á en þeir gerðu allt sem þeir gátu fyrir okkur til þess að gera ferðina sem eftirminnilegasta.

Í byrjun desember fórum við í rútu til El Salvador þar sem við tókum þátt í San Salvador Open. Við áttum báðir mjög gott mót, ég var einn efstur með hálfvinnings forskot fyrir síðustu umferðina en á meðan ég gerði jafntefli í síðustu þá slátraði Hannes sínum andstæðingi og jafnaði mig að vinningum og var svo hærra eftir stigaútreikning.



Verðlaunahafar í San Salvador Open

Eftir El Salvador fór Hannes aftur til Kosta Ríka í rútu og flaug svo heim á meðan ég hélt áfram í rútu til Gvatemala...



Ég með félögum mínum í Guatemala City



Tikal rústirnar frægu í norður Guatemala

... og svo til Belize þar sem ég endaði á einhverri eyju í karabíska hafinu. Ég var reyndar búinn að láta mig dreyma um að fara til Belize síðan fyrir árinu áður þegar ég sá myndir þaðan og eftir að hafa snorklað með hákørlum og skjaldböfum verð ég segja að það var líklega magnaðasti partur allrar ferðarinnar.



Blue Hole, einn af þeim stöðum þar sem ég fór að snorkla og helsta ástæða þess að ég fór til Belize

Svo fór ég í bát til Mexíkó þar sem ég tók þátt í síðasta mótinu mínu í Ameríku í bili en það var minningarmót um Carlos Torre í borginni Mérida. Það byrjaði mjög vel en svo varð ég líklega of þreyttur eftir ferðalagið, og að tepla 2 skákir á dag eins og í flestum þessum mótum getur verið of mikið svo ég tapaði nokkrum stigum en ekkert hrikalegt.



Carlos Torre Memorial 2014

Svo tók við 24klst. ferðalag heim og var ég kominn á aðfangadagsmorgun og fór beint að sofa.... svo var ég reyndar vakinn til að moka snjó og hjálpa mömmu að ýta bílnum, en það er önnur saga!



Heima er best!